

Reglur um stuðnings- og stoðþjónustu Vestmannaeyjabæjar

I. kafli

Almennt um stuðnings- og stoðþjónustu

1. gr.

Lagagrundvöllur

Reglur þessar byggja á eftirfarandi lögum:

- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Í lögunum er fjallað um stuðningsþjónustu í VII. kafla, málefni barna og ungmenna í VIII. kafla, þjónusta við aldraða í X. kafla og þjónusta við fatlað fólk í XI. kafla.
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Í III. kafla í lögunum er fjallað um stoðþjónustu og í IV. kafla laganna þjónustu við börn.

Í reglum þessum er fjallað um stuðnings- og stoðþjónustu samkvæmt framangreindum lögum.

Hugtakið stuðningur er í reglum þessum notaður yfir alla þá þjónustu sem fellur undir framangreind ákvæði.

Stuðningsþarfir: Þarfir einstaklings fyrir þjónustu eða aðstoð í daglegu lífi vegna fötlunar.

Stuðningsþarfir eru einstaklingsbundnar en geta einnig tekið mið af þörfum fjölskyldu einstaklingsins. Við mat á stuðningsþörfum er stuðst við samræmdar aðferðir.

Stoðþjónusta: Margháttuð aðstoð við athafnir daglegs lífs, veitt á grundvelli laga þessara, sem byggist m.a. á einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess.

Við framkvæmd reglna þessara er horft til þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og réttindi barna.

2. gr.

Markmið

Markmið stuðnings- og stoðþjónustu samkvæmt reglum þessum er að aðstoða og styrkja einstakling sem þarf aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við heimilishald, athafnir daglegs lífs og til þess að rjúfa félagslega einangrun. Einnig að efla umsækjanda til sjálfshjálpar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.

Stuðning skal veita með það að leiðarljósi að skapa skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum, samfélagslegrar þátttöku og miða að valdeflingu og hvatningu.

Við framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar. Um leið skal unnið að því að skapa skilyrði til að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

Þjónustan skal í heild sinni stuðla að valdeflingu og miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður hvers og eins.

3. gr.

Inntak stuðnings- og stoðþjónustu

Almenn stuðningsþjónusta er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Þjónustan er ætluð þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð innan sem utan heimilis vegna skertrar getu, fötlunar, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda. Stuðningsþjónusta getur einnig falið í sér ýmsa sérfræðiaðstoð.

Stuðningsþjónusta er veitt á grundvelli mats á stuðningsþörf í tiltekin fjölda klukkustunda í viku eða mánuði, að hámarki 15 klukkustundir á viku. Sé einstaklingur metin í meiri stuðningsþörf og er með skilgreinda fötlun skv. lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2019 og Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er átt við stoðþjónustu.

Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir í samráði við viðkomandi einstakling, einnig skal leitast eftir sjónarmiði barns eftir því sem aldur þess og þroski leyfir við veitingu stuðnings til fjölskyldna.

Stuðningsþjónusta getur falið í sér eitt eða fleiri ef eftirtöldum verkefnum;

- a) *Félagsleg- og sérhæfð ráðgjöf*, ráðgjöf fyrir alla einstaklinga, meðal annars á sviði fjármála, uppeldismála, húsnaðismála og fjölskyldumála. Felst einnig í að veita fötluðu fólki og aðstandendum þeirra ráðgjöf og stuðning til að aðstoða fólk til sjálfhjálpar.
- b) *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili þjónustuþega svo hann geti búið heima og sem aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir. Ef fleiri fullorðnir búa á heimilinu þarf að huga að sanngjarnri verkaskiptingu við heimilishald. Aðstoð við almenn heimilisþrif takmarkast við þau herbergi sem eru í daglegri

notkun þjónustuþega. Auk þess er veittur stuðningur við að nýta velferðartækni sem auðveldar þjónustuþega heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.

- c) *Stuðningur við athafnir daglegs lífs*, sem tekur mið af þörfum notanda svo sem við að sinna persónulegu hreinlæti, klæðast/hátta og veita stuðning við næringu. Einnig er um að ræða öryggisinnlit þegar við á. Jafnframt er um að ræða ráðgjöf varðandi hjálpartæki við hæfi og nýta velferðartækni.
- d) *Félagslegur stuðningur* sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja þjónustuþega til samfélagslegrar þátttöku og virkni svo sem í félags- og tómstundastarfi. Félagslegur stuðningur er einnig veittur þegar um er að ræða alvarleg veikindi og aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima en markmiðið er að léttu álagi af heimilinu.
- e) *d) Heimsending matar í hádegis* er fyrir þá þjónustuþega sem geta ekki annast matseld sjálfir í skemmri eða lengri tíma og geta ekki útvegað sér mat á annan hátt.
- f) *Aðstoð við innkaup*, um er að ræða stafræna aðstoð við heimsendingu á matar- og lyfjainnkaupum.
- g) *Ferðaðþjónusta*, sértæk akstursþjónusta fyrir fatlað fólk og aldraða til að geta stundað vinnu eða sótt þjónustu á sérhæfðar þjónustustofnanir. Sjá reglur sveitarfélagsins um ferðaðþjónustu.
- h) *Aðstoð viðbragðsteymis* við mat og ráðgjöf á heimili þar sem verulegrar tiltektar er þörf, í sumum tilfellum áður en önnur stuðningsþjónusta getur hafist.
- i) *Notendasamningur* er gerður þegar einstaklingar sem hefur verið metin fyrir stoðþjónustu sækir um að gerður verði notendasamningur. Notendasamningur felur í sér að notandi stjórnar því hver veitir aðstoðina, hvenær hún er veitt og hvernig, þannig að best henti hverjum og einum. Notendasamningar geta verið í formi beingreiðslusamnings, þar sem notandi sér alfarið um starfsmannahald sjálfur. Sjá reglur sveitarfélagsins um notendasamninga.
- j) *Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf*, aðstoð og ráðgjöf til foreldra, forsjáraðila eða vistunaraðila við að tryggja þroskvænleg uppeldisskilyrði og aðbúnað barna. Allur stuðningur miðar að því að mæta mismunandi þörfum foreldra og að því að valdefla þá í hlutverki sínu.
- k) *Stuðningsfjölskylda fyrir 0-18 ára*, aðstoða og styðja foreldra í hlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Sjá reglur sveitarfélagsins um stuðningsfjölskyldur.
- l) *Skammtímadvöl* veitir fötluðum einstaklingum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns, t.d. til að léttu á heimili umsækjanda eða meðan beðið er eftir annarri sértækri þjónustu svo sem búsetu. Sjá reglur sveitarfélagsins um skammtímadvöl.
- m) *Búsetukjarni fyrir fatlað fólk*, íbúðarhúsnæði fyrir fatlað fólk sem þarfnast sérstaks húsnæðis og mikils stuðnings. Þjónusta sem veitt er á heimilum fatlaðs fólks í búsetukjörnum er skilgreind sem sólarhringsþjónusta. Sólarhringsþjónusta er ætluð einstaklingum sem eru 18 ára og eldri og innifelur stuðning við heimilishald, aðstoð við athafnir daglegs lífs og félagslegan stuðning.
- n) *Virkni og hæfing*, Heimaey hæfingarstöð veitir dagþjónustu fyrir fólk sem vegna fötlunar þarf sérhæfða og einstaklingsmiðaða þjónustu, verndaða vinnu, þjálfun, umönnun og afþreyingu. Dagdvölin Bjargið er fyrir 67 ára og eldri þar sem markmiðið er að virkja og viðhalda færni og sjálfstæði einstaklingsins og rjúfa félagslega einangrun aldraðra.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er almennt veittur á dagvinnutíma. Um kvöld, helgar og hátíðardaga er veittur sértækur stuðningur við nauðsynlegar athafnir dagslegs lífs. Um umfang stuðnings vísast til 5. mgr. 26.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir nr. 38/2018. Ákvörðun um stuðning felur í sér aðstoð sé að jafnaði veitt í tiltekinn fjölda skipta á grundvelli mats á stuðningsþörf.

Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi eftir því sem kostur er. Ef aðstæður eru með þeim hætti að notandi getur ekki verið til staðar getur stuðningur farið fram með skriflegu samþykki notanda í algjörum undantekningartilfellum.

4. gr.

Réttur til þjónustu

Umsækjandi skal uppfylla ákveðin skilyrði til að fá þjónustu samkvæmt reglum þessum.

a) Umsækjandi skal eiga lögheimili í Vestmannaeyjum þegar sótt er um.

b) Umsækjandi skal búa á eigin heimili eða með foreldrum/ættingjum/forráðamönnum. Einstaklingar, sem dveljast á sjúkrahúsi/eru innlagðir á spítala, búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, eiga ekki rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum. Það sama gildir um þá sem búa á heimilum fyrir fatlað fólk, s.s. íbúðakjörnum. Fatlað fólk, sem er yngra en 67 ára, og býr á hjúkrunarheimili eða stofnun, þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eða íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk getur þó sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum þegar sérstakar og veigamiklar ástæður eru til staðar.

c) Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt 6. gr. reglna þessara. Ekki er að jafnaði veitt þjónusta sem aðrir heimilismenn 18 ára og eldri geta annast en á því eru undantekningar s.s heimili langveikra eða fatlaðra sem þurfa mikla umönnun frá öðrum fjölskyldumeðlimum.

d. Umsækjandi um stoðþjónustu skal teljast fatlaður í skilningi laga, sbr. 1. og tl. 2.gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir nr. 38/2018.

e) Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og fengið stuðning fyrir þann aldur skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir getur átt rétt á stuðningi áfram séu skilyrði reglna þessara uppfyllt og ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu.

II. Kafi

Umsóknir og mat á þjónustu

5. gr.

Umsókn og fylgigögn

Sótt er um stuðningsþjónustu rafrænt á mínum síðum inn á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar eða í þjónustuveri Fjölskyldu og fræðslusviðs á þar til gerðu eyðublaði um stuðningsþjónustu. Starfsmenn sviðsins geta aðstoðað umsækjanda við umsóknarferlið ef þörf er á. Umsækjandi getur einnig veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Ef heilbrigðisstarfmaður sækir um stuðningsþjónustu fyrir hönd einstaklinga er mikilvægt að gætt sé að því að umsókn sé undirrituð af hálfu einstaklings eða af heilbrigðisstarfsmanni í umboði hans. Ef það er ekki gert telst umsókn ófullnægjandi og fer ekki í afgreiðsluferli.

Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn til þess að meta umsóknina eftir því sem við á s.s:

- Sjálfsmat umsækjanda á eigin færni.
- Læknisvottorð/vottorð sérfræðings sem útskýrir og staðfestir þörf umsækjenda á þjónustunni þegar um heilsubrest er að ræða.
- Gilt örorku- eða umönnunarmat
- Viðurkenndar og samræmdar matsaðferðir, s.s. SIS.
- Staðfesting á fötlun s.s. frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.
- Tekjuupplýsingar sl. 3 mánaða þegar við á.
- Staðfest afrit af nýjasta skattframtali ásamt staðgreiðsluskrá, þegar við á. Heimilt er að kalla árlega eftir skattframtali einstaklings vegna endurmats.

Fjölskyldu og fræðslusviði er heimilt að óska eftir frekari gögnum sem varða umsóknina ef þörf er á. Umsækjandi getur fengið aðstoð við öflun nauðsynlegra gagna ef þörf er á.

Hafi umsækjandi ekki skilað viðeigandi gögnum innan 30 daga frá umsóknardegi er umsókn hans synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda. Synjun á stuðningsþjónustu skal ávallt vera skrifleg og rökstudd og þar skal koma fram réttur til áfrýjunar.

6. gr.

Könnun á aðstæðum og mat á stuðningsþörf

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist. Sérfræðingar félagsþjónustu leggja faglegt mat á aðstæður umsækjanda, byggt á gögnum, heimsóknum og mati.

Þegar aðstoð við heimilishald er metin og fleiri fullorðnir einstaklingar búa á heimilinu skal metið hvort þeir séu færir um að annast heimilishaldið. Leitast er við að veita þá þjónustu sem umsækjandi

eða aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir. Þjónusta skal einnig metin í samráði við aðra þjónustuveitendur, s.s. í heilbrigðiskerfinu þegar við á.

Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs með tilliti til nýrrar tækni ef mögulegt er.

Horft er á heildarmynd þjónustu við heimilið áður en ákvörðun er tekin um stuðningsþjónustu og unnið skal að því að notandi fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð.

Við mat á stuðningsþörf er stuðst við staðlað matstæki þar sem meðal annars er horft til eftirfarandi þátta:

- Færni og styrkleika umsækjanda.
- Félagslegra aðstæðna umsækjanda og tengslanet.
- Samfélagsþátttöku, valdeflingu og virkni umsækjanda.
- Þörf umsækjanda fyrir aðstoð og stuðning.
- Annars veitts stuðnings og mikilvægra upplýsinga.

Hvert og eitt atriði er metið sérstaklega með tilliti til núverandi stuðningsþarfa og stuðnings, hvort sem hann er veittur af sveitarfélagi eða öðrum aðilum. Við lok mats skal tekin saman niðurstaða ráðgjafa félagsþjónustu, eftir því sem við á.

Leiði mat á stuðningsþörf í ljós að þörf fyrir stuðning og þjónustu er meiri og víðtækari en veitt er skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga getur sveitarfélagið óskað eftir því að gert sé mat á stuðningsþörf með SIS mati, færni og heilsumati eða öðru sem við á.

7. gr.

Afgreiðsla umsókna

Við meðferð umsókna og ákvarðanatöku skal hafa samráð við umsækjanda eftir því sem frekast er unnt, að öðrum kosti persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði frá umsækjanda. Þar sem umsækjandi er með talsmann skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011.

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á fundi matsteymis stuðningsþjónustu og þar er tekin ákvörðun um tegund, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur verður. Þegar umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt af matsteymi er gerð stuðningsáætlun og stuðningur getur hafist í kjölfarið. Sé niðurstaða mats sú að aðstæður umsækjanda séu ekki með þeim hætti að þörf sé á stuðningi ber að synja umsókninni.

Þegar sérstakar aðstæður krefjast þess, s.s. við útskrift af spítala þarf mat að hafa farið fram áður og heimild til upplýsingaöflunar verið veitt. Þegar um er að ræða alvarleg veikindi skal stuðningurinn

ætið metinn, skipulagður og samhæfður með fagaðilum heimahjúkrunar í samræmi við þarfir notanda.

Við afgreiðslu umsóknar veitir starfsmaður félagsþjónustu umsækjanda ráðgjöf, upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga, sbr. frumkvæðisreglu og upplýsingaskyldu. Þá upplýsir starfsmaður umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um stuðningsþjónustu og aðstoða við öflun nauðsynlegra gagna ef þörf er á.

8. gr.

Forgangsröðun umsókna

Umsóknum er forgangsraðað með hliðsjón af viðmiðum um forgangsröðun í stuðningsþjónustu. Þeir njóta forgangs sem þurfa daglega á stuðningi að halda og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess, forgangsröðun umsóknar hans og hvenær áætlað er að stuðningur geti hafist.

Ef mál fellur undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 verður umsækjandi upplýstur um áætlaðan biðtíma eftir bestu getu og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. 1. mgr. 3. gr. Reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu nr. 1035/2018. Þá skal veita aðra viðeigandi þjónustu á biðtíma.

9. gr.

Höfnun á umsókn

Hafna skal umsókn ef eitthvað af eftirtöldum atriðum á við:

- a) Umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði 4. gr. reglna þessara.
- b) Umsækjandi um stuðning við heimilishald er yfir tekjumörkum skv. 11. gr. reglna þessara og nýtur ekki annars stuðnings. Skal umsækjanda þá tilkynnt að umsókninni hafi verið hafnað á grundvelli þessarar greinar enda uppfylli umsækjandi ekki skilyrði fyrir stuðning.
- c) viðeigandi gögn hafa ekki borist 30 daga frá umsóknardegi. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með vísan í viðeigandi ákvæði þessara reglna og þeirra laga er kunna að eiga við. Ef umsókn er hafnað ber starfsmönnum félagsþjónustu einnig að veita umsækjanda viðeigandi ráðgjöf, sé þess óskað.

III. Kafli

Stuðningsáætlun og framkvæmd þjónustu

10. gr.

Stuðningsáætlun

Áður en stuðningsþjónusta hefst skal gerð stuðningsáætlun á milli aðila þar sem fram kemur:

1. Markmið umsækjanda með stuðningi og hvernig þeim skuli náð
2. Hvaða stuðning er um að ræða og hvernig hann skuli veittur
3. Gildistími stuðningsáætlunar og hvenær endurmat skal fara fram
4. Umfang stuðnings
5. Samkomulag um notkun starfsmanna á húslyklum notanda þegar við á
6. Upphæð útlagðs kostnaðar starfsmanna þegar við á

Þjónusta hefst þegar stuðningsáætlun hefur verið undirrituð og samþykkt á þar til gerðu eyðublaði eða í gegnum stafrænar lausnir sveitarfélagsins.

Stuðningsáætlun skal unnin í samvinnu við notanda. Náist ekki samkomulag um umfang og fyrirkomulag stuðnings skal málinu vísað aftur til matsteymis stuðningsþjónustu sem leggur faglegt mat á viðkomandi stuðningsáætlun með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjanda. Tryggja skal að notandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi.

Allar stuðningsáætlanir skulu vera tímabundnar. Stuðningsþjónusta er samþykkt að hámarki til 6 mánaða í senn og tekur mið af mati á stuðningsþörf umsækjanda. Heimilt er að ákveða stuðningsþjónustu til allt að 12 mánaða ef sýnt þykir að aðstæður umsækjanda breytist ekki. Áður en stuðningsáætlun lýkur skal endurmat fara fram. Við endurmat eru gerðar viðeigandi breytingar ef þörf er á eða stuðningi lokið.

Ef aðstæður umsækjanda breytast verulega eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma. Umsækjanda ber að upplýsa stuðningsþjónustuna um breytingar á höfum sínum sem áhrif kunna að hafa á rétt hans til þjónustu um umfang hennar. Rétt til stuðningsþjónustu má endurskoða hvenær sem er.

Leitast skal við að meta og skrá árangur stuðningsþjónustu með reglubundnum hætti.

11. gr.

Gjaldtaka og kostnaður

Greitt er fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. stuðning við heimilispríf og heimsendan mat samkvæmt gildandi gjaldskrá sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Gjald fyrir heimilisprif er tekjutengt og miðast við tekjur umsækjenda og maka, heimsendur matur er niðurgreiddur af Vestmannaeyjabæ en greitt er fyrir matinn samkvæmt gildandi gjaldskrá sem bæjarstjórn samþykkir út frá tillögum fjölskyldu- og tómstundaráðs. Gjaldskráin tekur breytingum skv. vísitöluhækkunum einu sinni á ári.

Tekjumörk til ákvörðunar á greiðslu miðast við skattskyldar tekjur einstaklinga og hjóna, þ.m.t. fjármagnstekjur eins og þær eru samkvæmt skattframtali ársins á undan. Undanþegnir gjaldskyldu hvað varðar stuðning við heimilisprif eru þeir sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir. Umsækjandi sem er yfir framangreindum viðmiðunarmörkum greiðir samkvæmt gildandi gjaldskrá. Umsókn um heimilisprif skal hafnað sé einstaklingur eða hjón yfir tekjumörkum skv. gildandi gjaldskrá og njóta ekki annars stuðnings á grundvelli reglna þessara.

Mögulegt er að sækja um lækkun gjalds og skal það metið sérstaklega af starfsmönnum fjölskyldusviðs, undanþága frá gjaldi gildir þó ekki fyrir heimsendan mat. Öll stuðningsþjónusta sem veitt er í þágu barna er gjaldfrjál. Sé þjónusta ekki afbókuð með sólarhrings fyrirvara er gjald fyrir þjónustuna innheimt samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins.

Umsækjandi stuðningsþjónustu greiðir allan eigin kostnað vegna frístunda- og menningar- þátttöku með stuðningsaðila. Vestmannaeyjabær endurgreiðir starfsmanni stuðningsþjónustu útlagðan kostnað vegna frístunda- og menningarþátttöku með þjónustuaðila upp að kr. 6.000 á mánuði og fyrir akstur að hámarki 30 km á mánuði. En útlagður kostnaður og akstur starfsmanns skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru í stuðningsáætlun.

Sjá gjaldskrá sveitarfélagsins hér: [Gjaldskrár - Vestmannaeyjar](#)

IV. Kafli

Starfsmenn stuðnings- og stoðþjónustu

12. gr.

Ráðningar starfsmanna

Leitast skal við að ráða til stuðningsþjónustu starfsfólk sem hefur reynslu, hæfni, eiginleika og þekkingu er nýst getur í starfinu. Starfsmenn í stuðningsþjónustu skulu framvísa sakavottorði þegar þeir sækja um störf.

Starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá notendum þjónustunnar eða aðstandendum þeirra. Starfsmönnum er óheimilt að geyma lykla að heimilum þjónustuþega nema um það sé samið sérstaklega og um það gildi skriflegur samningur. Einnig er óheimilt fyrir starfsmenn að fara með fjármuni notenda. Starfsmanni er þó heimilt að styðja notenda til innkaupa nauðsynjavara án þess að fara með fjármuni hans.

13. gr.

Vinnuaðstæður

Aðstæður á heimilum skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og skal því gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður. Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað skal liggja fyrir sem byggð er á áhættumati sem nær til allra þátta sem geta haft áhrif á heilsu og öryggi starfsmanna.

Starfsmaður skal hafa aðgang að góðum, nauðsynlegum hreingerningabúnaði og ræstingavörum svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi. Ætlast er til að gagnkvæm virðing sé sýnd á meðan þjónustan fer fram.

Skapist þær aðstæður inni á heimilinu að öryggi þjónustuþega eða starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna skorts á nauðsynlegum hjálpartækjum, vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir og getur þurft að fresta stuðningi á meðan unnið er í málinu og úrbætur gerðar. Heimilt er að fella niður þjónustu þar til viðeigandi lausn finnst.

Starfsmönnum er óheimilt að neyta tóbaks í einhverju formi inni á heimilum þjónustuþega og þjónustuþegar gangast við að neyta ekki tóbaks á meðan starfsmenn eru inni á heimilinu. Ef gæludýr eru á heimilinu er til þess mælt að þau gangi ekki laus á þeim svæðum þar sem þjónustan er veitt á meðan á henni stendur, nema um annað sé samið á milli aðila.

14. gr.

Varðveisla gagna og trúnaður

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Starfsmenn Vestmannaeyjabæjar eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað eða fjalla um einkahagi umsækjenda eða annarra í starfi sínu nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Ýmis ákvæði

15. gr.

Málskot og áfrýjun

Um málsmeðferð og málsskotsrétt gilda ákvæði stjórnssýslulaga nr. 37/1993 og ákvæði XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákv. VII. Kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Umsækjandi um stuðningsþjónustu getur áfrýjað ákvörðun matshóps um stuðningsþjónustu til fjölskyldu- og tómstundaráðs. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því umsækjanda var tilkynnt um ákvörðun þjónustunnar. Fjölskyldur- og tómstundaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun um afgreiðslu hennar svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun fjölskyldu- og tómstundaráðs má áfrýja til úrskurðarnefndar velferðarmála í félagsmálaráðuneytinu sbr. 64. gr. í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskyldu- og tómstundaráðs.

16. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef í ljós kemur við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til endurskoðunar/afturköllunar ákvörðunar.

17. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Umsóknir sem samþykktar voru í gildistið eldri reglna halda gildi sínu í allt að 6 mánuði eftir gildistöku reglna þessara, eða þar til ákvörðun liggur fyrir. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurmat á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðninginn.

18. gr.

Endurskoðun reglna

Reglur þessar skulu endurskoðaðar árlega.

19. gr.

Gildistaka

Þessar reglur voru samþykktar í Fjölskyldu- og tómstundaráði 19.03.2025 og í Bæjarstjórn Vestmannaeyja 09.04.2025. Reglur þessar taka nú þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur Vestmannaeyjabæjar um stuðningsþjónustu sem samþykktar voru í Fjölskyldu og tómstundaráði þann 21.04.2021 og staðfestar í Bæjarstjórn 12.05.2021.